

Bæjarráð Kópavogs  
Ásdís Kristjánsdóttir  
Kópavogsbær  
Digranesvegi 1  
200 Kópavogi

Kópavogur, 7. júlí 2026  
Málsnr. 2502003  
PBG/HBJ

## **Efni: Aðgerðaáætlun Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins 2026-2030**

Á 630. fundi stjórnar SSH, hinn 6. júlí 2026, var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð vegna þess:

### **Farsældarráð höfuðborgarsvæðisins - 2502003**

*Samkvæmt samstarfssamningi um svæðisbundið farsældarráð á höfuðborgarsvæðinu og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 86/2021 vinnur farsældarráð áætlun um svæðisbundna forgangsröðun aðgerða um farsæld barna til fjögurra ára. Fyrirliggjandi til kynningar er aðgerðaáætlun Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins 2026-2030 ásamt minnisblaði dags. 16. júní 2026. Lagt er til að fyrirliggjandi aðgerðaáætlun Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins ásamt kostnaðaráætlun verði send til umræðu og afgreiðslu á vettvangi aðildarsveitarfélaga SSH ásamt fyrirliggjandi minnisblaði, sbr. 2. mgr. 4. gr. samstarfssamningsins. Verkefnastjóri Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins kynnir.*

#### **Niðurstaða fundar:**

*Skrifstofu SSH er falið að senda fyrirliggjandi drög að aðgerðaáætlun Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins til afgreiðslu á vettvangi aðildarsveitarfélaganna þar sem þeim verði jafnframt fylgt eftir með sérstakri kynningu.*


### **Beiðni um meðferð á vettvangi sveitarfélagsins:**

Á grundvelli framangreinds er meðfylgjandi aðgerðaáætlun Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins 2026-2030. Óskað er eftir því að áætlunin verði tekin til efnislegrar umræðu, afgreiðslu og staðfestingar á vettvangi sveitarfélagsins. Til upplýsinga er einnig meðfylgjandi minnisblað til stjórnar SSH dagsett 16. júní 2026.

Þá er þess óskað að við fjárhagsáætlunargerð vegna ársins 2027 verði tekið tillit til þess kostnaðar sem áætlað er að leggist á sveitarfélagið, sbr. 4. gr. samstarfssamnings sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um svæðisbundið farsældarráð á höfuðborgarsvæðinu.

Er þess óskað að Hanna Borg Jónsdóttir, verkefnastjóri Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins, verði veitt tækifæri til að kynna framangreint þegar málið verður tekið fyrir hjá sveitarfélaginu. Þá er þess óskað að upplýsingar um afgreiðslu sveitarfélaganna samkvæmt framangreindu berist á netfangið [hannaborg@ssh.is](mailto:hannaborg@ssh.is).

Virðingarfyllst,  
fyrir hönd SSH



---

Páll Björgvin Guðmundsson  
framkvæmdastjóri SSH

Meðfylgjandi:

Aðgerðaáætlun Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins 2026-2030  
Minnisblað til stjórnar SSH dagsett 16. júní 2026  
Samstarfssamningur um svæðisbundið farsældarráð á höfuðborgarsvæðinu